Í áfangaskýrslu þessarri er orðið eftirlit rauði þráðurinn. Augljós er vilji höfunda til að safna í hús sem ýtarlegustum aflaskýrslum, nota til þess fleiri eftirlitsmenn og meiri pappír.

Áform um fundi með sjómönnum eru athyglisverð. Ég hefi áratuga reynslu af útgerð smábáta, aldrei hefur starfsmann Hafró rekið á mínar fjörur, og deila allir félagar þeirri reynslu aðspurðir.

Lagður er til niðurskurður í 3750 metra. Netaveiðimenn hafa hingaðtil notað faðm sem mælieiningu,enda eru ófelldar slöngur alltaf í föðmum. Þá er tillagan ca 2000 faðmar í heildarlengd, algeng felling 1-3 sem skilar ca 45 faðma neti. Miðað við 4-5 net í trossu væri útgerðin ca 10 trossur.

Ekki er lengur farið með netum, heldur eru bátar með búnað til að draga netin um borð og leggja aftur eftir hreinsun afla og þangs. Þessi boðaði niðurskurður er líklegur til að menn freistist til að fara einir. Það er ábyrgðarhlutur að skapa kerfi sem býður heim slyshættu.

Hvað varðar kvótasetningu, þá er mitt álit jákvætt. Sé ekki eftir núgildandi sóknarmarki og legg til skoðanakönnun hjá hlutaðeigandi.

Með kveðju, Vilhjálmur Jónsson